



Borgarráð

Tillaga um fimleikahús Fylkis

Lagt er til að teknað verði upp viðræður við eigendur húsnæðis fimleikaaðstöðu Fylkis um hugsanlega stækkun hennar í Norðlingaholti sem yrði viðauki og framlenging á gildandi leigusamningi sem er til 2025. Gert verði ráð fyrir að borgin eignist húsið við lok leigutíma. Til samanburðar verði greindur kostnaður og ábati af því að reisa nýtt fimleikahús fyrir Fylki á starfssvæði félagsins í Lautinni, í samræmi við framtíðarsýn félagsins þar um. Viðræður og verkefnið verði undirbúið af ÍTR í samráði við félagið.

Greinargerð

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt að forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við undirbúning 10 ára fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar. Bætt fimleikaaðstaða Fylkis var eitt þeirra verkefna sem raðaðist efst í forgangsröðinni. Borgarráði verði gerð grein fyrir framvindu verkefnisins, niðurstöðum greininga á valkostum og hugsanlegum samningum.

Dagur B. Eggertsson